

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánsstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fódurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

6. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta vegasjóði til lagningar hraðbrauta.

7. gr.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

8. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslíð þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Rafvæðing í sveitum	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18.2
Orkurannsóknir	19.0
Laxárvirkjun	55.0
Landsvirkjun, stofnframlag	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55.0
Jarðefnaleit	2.0
Sjóefnarannsóknir	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands ..	30.0
Samtals	356.8

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um skipun prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. Múlaprófastsdæmi:

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hof- og Vopnafjarðarsóknir.
Prestssetur: Hof.